



### Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina upp vex á sléttri grund fagurt með frjóvgun hreina fyrst um dags morgunstund, á snöggu augabragði af skorid verður fljótt, lit og blöð niður lagði - líf mannlegt endar skjótt.	Ég lífi' í Jesú nafni, í Jesú nafni' eg dey, þó heilsa' og líf mér hafni, hræðist ég dauðann ei. Dauði, ég óttast eigi afl þitt né valdið gilt, í Kristí krafti' eg segi: Kom þú sáll, þá þú vilt. <i>Hallgrímur Pétursson</i>
--	--

### Blessun

### Eftirspil

Time to Say Goodbye

*Francesco Sartori*

*Prestur: sr. Práinn Haraldsson*

*Organisti: Zsuzsanna Budai*

*Söngur: Kammerkór Akraneskirku*

*Einsöngur og gítar: Halldór Hallgrímsson*

*Fiðluleikur: Hrefna Berg Pétursdóttir*

*Útfararþjónusta Akraneskirku*

**Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness**

**Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að  
þiggja veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni  
að athöfn lokinni**



# Bjarni Gústafsson

*Hegedüs Béla*

*Fæddur 12. janúar 1937*

*Dáinn 19. febrúar 2023*



*Útför frá Akraneskirku  
föstudaginn 3. mars 2023*

**Forspil**  
*Ave María*  
F. Schubert

**Bæn**

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphæðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.  
*Adams - Matthías Jochumsson*

**Ritningarorð**

Ég er á langferð um lífsins haf  
og löngum breytinga kenni.  
Mér stefnu frelsarinn góður gaf,  
ég gláður fer eftir henni.  
Mig ber að dýrlegum, ljósum löndum,  
þar lífsins tré gróa' á fögrum ströndum,  
við sumaryl og sólardýrð.

Mitt skip er lítið, en lögur stór  
og leynir þúsundum skerja.  
En granda skal hvorki sker né sjór,  
því skipi' er Jesús má verja.  
Hans vald er sama sem var það áður,  
því valdi' er særinn og stormur háður.  
Hann býður: „Verði blíðalogn!”

Lát akker falla! Ég er í höfn.  
Ég er með frelsara mínum.  
Far vel, þú æðandi, dimma dröfn,  
vor Drottinn bregst eigi sínum.  
Á meðan akker í ægi falla  
ég alla vinina heyri kalla,  
sem fyrri urðu hingað heim.  
*Tandberg - Valdimar V. Snævarr*

**Ritningarorð**

Er völlum grær og vetur flýr  
og vermir sólin grund.  
Kem ég heim og hitti þig,  
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit  
sem brosir móti sól.  
Þar ungu lífi landið mitt  
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,  
sjáðu jökulinn loga.  
Allt er bjart fyrir okkur tveim,  
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig  
sem mér fagnar höndum tveim.  
Ég er kominn heim,  
já, ég er kominn heim.  
*Emmerich Kálmán - Jón Sigurðsson*

**Guðspjall**

**Fiðluleikur**  
*Til eru frá*  
E. Szentirmay

**Minningarorð**

**Einsöngur**  
*Minn bátur*  
Björn Eidsvåg - Halldór Hallgrímsson

**Bæn / Faðir vor**

Í bljúgri bæn og þökk til þín  
sem þekkir mig og verkin mín.  
Ég leita þín, Guð leiddu mig  
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið  
sú rétta virðist aldrei greið.  
Ég geri margt sem miður fer  
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ drottinn minn.  
*Erlent lag - Pétur Þórarinnsson*

**Moldun**